



Keflavík íþrótt- og ungmennafélag

624. stjórnafundur þriðjudaginn 27. ágúst 2024 kl 17:00

Mætt: Björg Hafsteinsdóttir, Sveinbjörg Sigurðardóttir, Garðar Már Newman, Eva Björk Sveinsdóttir, Garðar Örn Arnarson, Hjördís Baldursdóttir íþróttastjóri og Birgir Már Bragason framkvæmdastjóri.

Fjarverandi: Jónína Steinunn Helgadóttir og Stefán Guðjónsson.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð samþykkt.

2. Innkomin bréf

Tölvupóstur frá Helga Arnarsyni sviðsstjóra Menntasviðs vegna Skólamatar. Helgi talar um að Holtaskóli þurfi sal 2 fyrir hádegismat nemenda í 6. - 10. bekk. Samtals 240 nemendur í 2 hollum. Það verður eina notkunin frá skólunum þennan veturinn í félagsheimilinu okkar.

Tölvupóstur frá UMFÍ/ÍSÍ vegna svæðisskrifstofu á Reykjanesi. Það er búið að ráða Sigurð Friðrik Gunnarsson (Sidda) og Petru Ruth Rúnarsdóttur (úr Vogum) í starfið. Skrifstofa þeirra verður á Ásbrú, Skógarbraut 945 (húsnæði Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum). Þau eru búin að óska eftir fundi með aðalstjórn Keflavíkur. Birgir Már ætlar að athuga með að fá þau á næsta aðalstjórnarfund.

Litla Sporthúsið, tækjasalur. Fengum tilboð í ýmis áhöld, teygjur og fl. Það er búið að græja það.

Tilboð frá DK um kerfi frá þeim. Höfum verið að skoða bókhaldskerfi. Erum með Buisness Central en þjónustan við það er dýr og það er kannski of stórt fyrir okkar starfssemi. Verið er að skoða önnur kerfi.

Tölvupóstur vegna Styrkleika í Reykjanesbæ. Krabbameinsfélag Íslands óskar eftir að fá afnot af Nettó vellinum fyrir stryktarhlaup krabbameinsfélagsins 6. - 7. september í tengslum við Ljósanótt. Vel tekið í þetta og knattspyrnudeildin gerir enga athugasemd við það.

Kynning frá fimleikadeildinni. Fimleikadeildin hélt mjög góða kynningu fyrir ÍT ráð um daginn. Fimleikadeildin er á góðu róli.

Tölvupóstur frá FS vegna staðlota í Litla Sporthúsinu. Fjölbraut verður með 6 staðlotur í einkaþjálfaranáminu í vetur. Fyrsta staðlotan mun vera fimmtudaginn 5. sept – laug 7. sept.

Tölvupóstur frá Holtaskóla vegna tíma í Litla Sporthúsinu. Holtaskóli óskar eftir að fá tíma á mánudögum frá kl 14:00 - 15:30 fyrir valfag í skólanum. Samþykkt.

3. Send bréf

Ýmsir tölvupóstar sendir á deildir félagsins.

Erindi körfuknattleiksdeildar vegna kaupa á stúku. Bréf sent á Hafþór Barða Birgisson hjá Reykjanesbæ til að kanna hver staðan er.

Erindi sent á Reykjanesbæ vegna sjónvarpspalls fyrir leikina í vetur. Nú þegar búið er að skipta um leikklukkur í salnum þá fer gamla klukkan niður. Við það myndast pláss fyrir pall sem yrði ætlaður sjónvarpsupptökum á leikjum. Bréf barst frá Stöð 2 vegna þessa.

Erindi sent á Reykjanesbæ vegna áframhaldandi samnings á rekstri Nettó hallarinnar. Mikill hugur hjá félaginu að fá að framlengja þessum samningi. Umræða um vaktaskipti á milli Njarðvíkur og Keflavíkur. Væri betra að hafa lengri tímabil.

4. Önnur mál

- A K-húsið við Hringbraut. Mikil umræða hefur myndast á skrifstofu Keflavíkur varðandi húsið. Hvað er hægt að gera við húsið og svæðið. Húsið fer að verða of lítið fyrir Raf deildina o.fl.
- B Meistari meistaranna í körfubolta verður haldinn í íþróttahúsinu við Sunnubraut 28. sept nk.
- C Skjái í anddyri á Sunnubraut. Búið er að setja upp skjái í anddyrinu sem lífgar töluvert upp á innkomu í salnum og mun nýtast félaginu töluvert í formi upplýsinga og auglýsinga. Stefnt er á að setja fleiri skjái í önnur íþróttamannvirki hjá Keflavík.
- D Ljósmyndari Keflavíkur. Eigum við að skoða að fá einhvern sem er til í að vera ljósmyndari félagsins og taka myndir af ýmsum viðburðum/mótum á vegum félagsins. Þannig náum við að halda betur utan um sögu félagsins.
- E Markaðs- og viðburðastjóri. Þurfum að fara að skoða hvort við getum ráðið markaðs- og viðburðastjóra sem sæi alfarið um öll markaðsmál á samfélagsmiðlum og halda utan um alla þá viðburði sem félagið heldur. Þurfum að heyra í Reykjanesbæ með að taka þátt í þessu stöðugildi.
- F Keflavíkur netföng. Þurfum að loka á netföng sem ekki eru í notkun hjá félaginu. Fólk er að senda pósta á vitlaus netföng sem enda hjá fyrrum stjórnar- og starfsfólki. Ákveðið að loka 1. nóvember 2024.
- G Gervigras í Nettó höllina. Nýtt gervigras kemur í október.
- H Utanyfirgallar félagsins. Allt stefnir í að félagið muni geta verið í eins utanyfirgöllum í fyrsta skipti í mörg ár. Samningaviðræður eru langt komnar.
- I Keflavík 95 ára. Keflavík verður 95 ára 29. sept nk. Ætlum við að gera eitthvað í tilefni afmælis félagsins. Skipa þarf svo nefnd sem fer í að undibúa 100 ára afmæli félagsins eftir 5 ár.
- J Nýr framkvæmdastjóri fimleikadeildarinnar, Eva Hrund Gunnarsdóttir mun taka við að fullu um mánaðarmótin ágúst/sept. Aðalstjórn býður hana velkomna til starfa og hlakkar til að vinna með henni.
- K Andri Fannar Ágústsson var fenginn til að skanna inn allar myndir félagsins á stafrænt form. Búið er að kaupa myndaskanna fyrir verkefnið.

- L Hljóðkerfi fyrir viðburði félagsins. Deildir hafa óskað eftir að félagið eigi lítið hljóðkerfi til að hafa í húsinu við minni viðburði félagsins eins og t.d. fan zone, herra og konu kvöld, litahlaup steikarkvöld oþh. Kostnaður fyrir svona kerfi er um 1.5 milljón.
- M Aðbúnaður í eldhúsi félagsins. Í sumar hefur verið frekar fátæklegt í áhalda skúffunni t.d. vantar alveg ausur, grynri ausur, stærri skeiðar fyrir salöt ofl. Einnig hefur vatnskönnum fækkað um helming. Eldavél er orðin mjög léleg. Það þarf að þarfagreina aðstöðuna.
- N Frísk til framtíðar 60+. Hjördís sagði frá verkefninu sem hefst um mánaðarmótin september/október.
- O Fundargerðir deilda. Farið yfir fundargerðir deilda sem hafa borist aðalstjórn.
- P Hjördís fór yfir það helsta sem hún hefur verið að gera.
- Q Formanna, framkvæmdastjóra og gjaldkera fundur. Stefnt á að halda fund með formönnum, framkvæmdastjórum og gjaldkerum í byrjun september.
- R Lokaspretturinn er hafinn hjá meistaraflokkum karla og kvenna í knattspyrnu. Aðalstjórn hvetur ALLA stuðningsmenn, stjórnarmenn og leikmenn annara deilda að mæta á þá leiki sem eftir eru og hvetja okkar lið áfram.

Fundi lokið kl. 19:30

Framkvæmdastjóri boðar til næsta fundar að beiðni formanns.

Fundinn ritaði Eva Björk Sveinsdóttir